

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2018, föstudaginn 16. mars, var haldinn 387. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson, Sturla Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Hafsteinn Pálsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 1 voru Jón H. Sigurðsson, Auðbjörg Friðgeirsdóttir frá pwc. Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Tekið fyrir:

1. Skýrsla innri endurskoðanda um innri endurskoðun og eftirlit
Innri endurskoðendur leggja fram og kynna skýrslu sína um athugun á samspili stofnsamnings, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að stilla upp aðgerðaráætlun.
2. Staða í samningskaupaviðræðum vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu í samningskaupaviðræðum um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar.
3. Upplýsingar um verðlaun sem SORPU hefur hlotnast undanfarnar vikur.
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um tilnefningar og verðlaun sem SORPU hefur hlotnast undanfarnar vikur:
 - Íslensku vefverðlaunin 2017 (2 tilnefningar)
Samfélagsvefur ársins – Lygamælirinn
Markaðsvefur ársins – flokkid.sorpa.is
 - Íslensku auglýsingaverðlaunin, Lúðurinn 2017 (3 tilnefningar)
Auglýsingarherferð ársins – SORPANOS
 - Félag íslenskra teiknara, FÍT verðlaunin 2017 (3 tilnefningar)
Besta herferð ársins – SORPANOS
Lygamælirinn – viðurkenning
Almanakið – viðurkenning
4. Næstu fundir ákveðnir miðvikudaginn 11. apríl kl. 07:30. og föstudaginn 13. apríl kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 09:00

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Sturla Þorsteinsson
Hafsteinn Pálsson

Bjarni Torfi Álfþórsson
Rósa Guðbjartsdóttir